

## Við brún nýs dags - saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1906-1930

**Bókarhöfundur:** Þorleifur Friðriksson

**Bókarheiti:** Við brún nýs dags – saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1906-1930

**Gagnrýnandi:** Sumarliði R. Isleifsson

**Útgáfa:** Háskólaútgáfan, Efling – stéttarfélag og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2007, 394 bls.

Alþýðan skipuleggur sig. Stofnun Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og starfsemi fyrsta aldarfjórðunginn

Um tveggja áratuga skeið, frá 1970-1990, var umtalsverður áhugi á sögu verkalýðshreyfingarinnar, bæði í röðum sagnfræðinga og félagsvísindafólks. Stéttarfélög stóðu fyrir ritun á eigin sögu, stúdentar skrifuðu um verkalýðshreyfinguna og ýmsir fræðimenn létu að sér kveða á þessu sviði. Eftir 1990 hefur dregið úr rannsóknum á því. Ástæður eru ýmsar en ekki síst þær að fræðimenn hafa beint sjónum sínum að öðrum sviðum.

Nú gæti þetta verið að breytast. Nýlega eru útkomnar tvær bækur sem tengjast sögu verkalýðshreyfingarinnar. Önnur þeirra er ofangreind bók Þorleifs Friðrikssonar, hin er Öryggissjóður verkalýðsins eftir Þorgrím Gestsson og fjallar um stofnun og starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs. Í þessum pistli verður fjallað um bók þess fyrrnefnda.

Rit Þorleifs fjallar um sögu Verkamannafélagsins Dagsbrúnar sem var stofnað 1906. Það er tæpar 400 síður, í 12 köflum og prýtt allmörgum myndum. Í bókarlok er að finna útdrátt á ensku og hefðbundnar skár, heimildaskrá, myndaskrá og nafna- og hugtakaskrá. Að auki er þar annáll félagsins til 1930 og skrá um stjórnarmenn. Bókin er hluti af ritröð Sagnfræðistofnunar, Sagnfræðirannsóknir, en ritstjóri raðarinnar er Gunnar Karlsson prófessor.

Í Við brún nýs dags er rakin saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar fyrsta aldarfjórðunginn eða til 1930. Ljóst er því að enn er mikið verk eftir ef fjalla á um sögu félagsins til loka en Dagsbrún var lögð niður árið 1998 er félagið sameinaðist fleiri stéttarfélögum í Eflingu – stéttarfélagi. Áður hafði félagið sameinast Verkakvennafélaginu Framsókn. Ljóst er að höfundur hefur hug á að ljúka þessu verki.

Af ýmsum ástæðum er sérlega ánægjulegt að verkið er komið út. Vinnsla þess hófst fyrir tæpum aldarfjórðungi og höfundur lauk verkinu að mestu fyrir mörgum árum. En af ástæðum sem höfundur ekki tilgreinir dróst útgáfan mjög. Töf á útgáfu er höfundum yfirleitt ekki að skapi; hún er eins og erfið fæðing! Ég hef ekki haft aðstæður til að bera saman bókina og það handrit sem höfundur skilaði af sér til þáverandi formanns Verkamannafélagsins Dagsbrúnar fyrir meira en áratug. Mér segir þó svo hugur að höfundur hafi breytt mörgu og það staðfestir hann raunar í formála sínum. Tafir hafa nefnilega líka í för með sér að bæta má handrit þó að ég mæli ekki með svo langri útgáfubið.

Í stuttu máli finnst mér afar mikill fengur að riti Þorleifs. Höfundur segist ætla að taka á „þeim meginatriðum sem ganga eins og rauður þráður í gegnum sögu verkalýðshreyfingarinnar: kjaramál, vinnutími, atvinnuleysi, stjórnsmál, húsnæðismál og verkföll“. Auk þess sé reynt að skýra neysluvenjur verkafólks, tilraunir þess til sjálfshjálpar og fjallað sérstaklega um hafnarvinnuna. Höfundur kveðst ætla að nýta sér sjónarmið félagssögu, hugmyndasögu, hvunndagssögu og borgarsögu við söguritunina.

Í þessu riti kveður nokkuð við annan tón en í eldri ritum um sögu verkalýðshreyfingarinnar. Ástæðan er einkum sú að mikil áhersla er lögð á lífshætti og kjör verkafólks; áhersla á efni af þessu tagi í verkalýðssögu hefur ekki verið algeng hingað til. Umfjöllunin öll er vönduð og athyglisverð, eins og bersýnilega kemur fram þegar greint er frá baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir því að mannsæmandi matur væri á boðstólunum; „svaf vel og dreymdi að ég væri að saga sundur stórt heimabakað rúgbrauð og át í ákafa“ hefur höfundur eftir Elku Björnsdóttur (bls. 79). Örsaga sem segir mikið um drauma ungra verkakvenna á öndverðri 20. öld.

Höfundur fjallar líka um húsakynni og klæðnað verkafólks. Húsnæðismálin hafa töluvert verið rædd í ritum af þessu tagi en klæðnaður alþýðufólks er sjaldgæft viðfangsefni; hér koma skýrt fram áherslur höfundar á hvunndagssögu sem gefa ritinu mikið gildi. Til dæmis kemur skýrt fram hversu miklu tilkoma gúmmístígvéla skipti fyrir líf verkafólks.

Höfundur greinir frá aðdraganda að stofnun Dagsbrúnar, þeim mikla áhuga sem var meðal

verkamanna í Reykjavík á stofnun félagsins en líka því að verkamenn leituðu út fyrir raðir sínar þegar finna þurfti forystumann; fyrsti formaður félagsins var Sigurður Sigurðsson búfræðingur. Og hann hlaut að vera karl. Konur gátu ekki orðið félagar í Dagsbrún samkvæmt stofnskrá þess. Er athyglisvert að sjá hversu ákveðin forysta Dagsrúnar var í því að konur ættu ekkert erindi inn í félagið.

Athyglisvert er að andstaðan við Dagsbrún var tiltölulega lítil (bls. 52), samanborið við það sem tíðkaðist í nágrennalöndum Íslands, enda höfðu íslenskir atvinnurekendur ekki öflug samtök fyrstu áratugi 20. aldar.

Uppbygging verksins er þematísk og styður umfjöllunarefnið ágætlega; yfirlitkafli er í lok hvers kafla. Stíllinn er góður, léttur og litríkur. Dæmi: „Í votviðri leysast götuslóðarnir upp í leðju, blandaða litríkum hrákum heilbrigðra og sjúkra. Í þurrkum rjúka þeir hins vegar upp í kóf sem fyllir vit fólks og hvert skot í híbýlum.“ Hér lýsir höfundur Reykjavík á öndverðri 20. öld (bls. 21-22).

Heimildir eru bæði fjölbreyttar og miklar, skjöl, viðtöl og eldri rit. Myndaval er allgott, þó of mikið af myndum sem eru kunnuglegar, einkum úr safni Magnúsar Ólafssonar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Þær myndir eru flestar margnotaðar og hefði verið betra að leita annað.

Lítið sá ég af villum eða rangfærslum og frágangur er til fyrirmyndar. Ritið er með hinu besta sem fram hefur komið hingað til um sögu íslenskrar verkalyðshreyfingar og gefur ágætt yfirlit um þróun hennar fyrstu áratugi 20. aldar. Það sem ég helst hnýt um er hversu skyndilega henni lýkur. Ég hefði viljað sjá yfirlitkafla í lokin og svo skil ég ekki af hverju bókinni lýkur 1930. Þá eru engin sérstök skil í sögu Dagsbrúnar. Nær hefði verið að láta verkið ná til 1940 eða svo enda verða þá margvísleg kaflaskil í sögu verkalyðshreyfingarinnar hér á landi.